

Efnisyfirlit kafli 9

9.	Vetrarþjónusta og vetrarvinna	1
90.	Ósundurliðaður kostnaður	1
91.	Jarðvinna í köldu veðri	1
92.	Snjómokstur.....	1
92.1	Færðargreining	1
92.11	Færðargreining, bíll	1
92.12	Færðargreining, maður	1
92.2	Vetrarþjónustuaðgerð með vörubíl	1
92.21	Vetrarþjónustuaðgerð með vörubíl	1
92.22	Hálkuvörn með vörubíl.....	1
92.23	Snjómokstur og hálkuvörn með vörubíl	1
92.24	Upprif á ís og troðnum snjó með undirtönn á vörubíl	1
92.3	Snjómokstur með vinnuvélum	1
92.31	Snjómokstur með veghefli eða hjólaskóflu.....	2
92.32	Snjómokstur með dráttarvél eða traktorsgröfu.....	2
92.33	Snjómokstur með hjólaskóflu og snjófeyki.....	2
92.34	Snjómokstur með dráttarvél og snjófeyki	2
92.8	Biðtími vélamanna og/eða eftirlitsmanna	2
92.81	Biðtími vélamanna í vörubíl	2
93.	Sand- og saltdreifing.....	2
93.1	Hálkuvarnaefni	2
93.11	Sandur og salt til hálkuvarna	2
93.12	Pækill.....	2
94.	Sérstök vetrarvinna	2

9. Vetrarþjónusta og vetrarvinna**90. Ósundurliðaður kostnaður**

Mælieining: HT

91. Jarðvinna í köldu veðri

a) Verkþátturinn innifelur allar nauðsynlegar ráðstafanir vegna jarðvinnu (útgrftar, fyllingar, ræsagerðar, burðarlags og axla), sem unnin er í köldu veðri (frosti).

f) Engin sérstök greiðsla verður innt af hendi vegna erfðra veðurfarsskilyrða. Allur kostnaður, sem leiðir af kröfum þeim, sem fram koma í þessum kafla, skal innifalinn í kostnaði við hina ýmsu verkþætti.

92. Snjómokstur

a) Verkþátturinn innifelur hreinsun á snjó og krapa af vegum, vegköntum, gatnamótum og öðrum þeim mannvirkjum sem tilheyra veginum. Innifalinn er kostnaður við útmokstur, frágang ruðninga svo og ámokstur, flutning og losun þar sem flytja þarf snjó frá umferðamannvirkjum. Til snjóhreinsunar heyrir einnig hreinsun á grjóthruni eða aur af völdum snjóskriða eða ismyndunar á vegsvæði. Tíðni og framkvæmd aðgerða í vetrarþjónustu skal vera samkvæmt gildandi reglum um snjómokstur og vetrarþjónustu.

f) Uppgjör miðast við ósundurliðaða upphæð.

Mælieining: HT

92.1 Færðargreining

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við ferðir þar sem metin er þörf á aðgerðum vegna vetrarþjónustu.

f) Uppgjör miðast við ekna kílómetra.

Mælieining: km

92.11 Færðargreining, bíll

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við bíl vegna ferða þar sem metin er þörf á aðgerðum vegna vetrarþjónustu.

f) Uppgjör miðast við ekna kílómetra.

Mælieining: km

92.12 Færðargreining, maður

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað þar sem metin er þörf á aðgerðum vegna vetrarþjónustu og upplýsingagjöf til vaktstöðvar.

f) Uppgjör miðast við unnar vinnustundir.

Mælieining: klst.

92.2 Vetrarþjónustuaðgerð með vörubíl

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við upprif á ís, snjómokstur og/eða hálkuvörn með vörubíl.

f) Uppgjör miðast við ósundurliðaða upphæð.

Mælieining: HT

92.21 Vetrarþjónustuaðgerð með vörubíl

a) Verkþátturinn innifelur alla vinnu við snjómokstur og ísrif með undirtönn ásamt hálkuvörn með sandi, salti og /eða pækli. Ef verið er að hálkuverja er innifalinn kostnaður við hleðslu, flutning og dreifingu efnisins. Mokstur vegamóta og útskota skal innifalinn í tilboðsverði. Einnig er innifalið umsjón með og ábyrgð á kostnaði af festingum og tengingum búnaðar í ökutæki, s.s. festingu og tengingum tanna, dreifara, loftneta, móttakara, ferilbúnaðar, skynjara og tenginga í raf- og vökvakerfi.

f) Uppgjör miðast við ekna kílómetra.

Mælieining: km

92.22 Hálkuvörn með vörubíl

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við hálkuvörn með vörubíl.

f) Uppgjör miðast við ekna kílómetra.

Mælieining: km

92.23 Snjómokstur og hálkuvörn með vörubíl

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við snjómokstur með eða án hálkuvagnar með vörubíl.

f) Uppgjör miðast við ekna kílómetra.

Mælieining: km

92.24 Upprif á ís og troðnum snjó með undirtönn á vörubíl

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við upprif á ís og troðnum snjó með undirtönn á vörubíl, með eða án snjómoksturs og/eða hálkuvagnar.

f) Uppgjör miðast við ekna kílómetra.

Mælieining: km

92.3 Snjómokstur með vinnuvélum

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við snjómokstur, svellarif og/eða hálkuvörn með vinnuvélum.

f) Uppgjör miðast við ósundurliðaða upphæð.

Mælieining: HT

92.31 Snjómokstur með veghefli eða hjólaskóflu

a) Verkþátturinn innifelur snjómokstur með veghefli eða hjólaskóflu hvort sem notuð er undirtönn með ísblöðum eða sléttum blöðum, framtönn, plógur, skófla eða annar samsvarandi útbúnaður.

f) Uppgjör miðast við tímagjald.

Mælieining: klst.

92.32 Snjómokstur með dráttarvél eða traktorsgröfu

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við snjómokstur með dráttarvél / traktorsgröfu með skóflu, tönn eða öðrum útbúnaði.

f) Uppgjör miðast við tímagjald.

Mælieining: klst.

92.33 Snjómokstur með hjólaskóflu og snjófeyki

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við snjómokstur með hjólaskóflu og snjófeyki.

f) Uppgjör miðast við tímagjald.

Mælieining: klst.

92.34 Snjómokstur með dráttarvél og snjófeyki

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við snjómokstur með dráttarvél og snjófeyki.

f) Uppgjör miðast við tímagjald.

Mælieining: klst.

92.8 Biðtími vélamanna og/eða eftirlitsmanna

a) Verkþátturinn innifelur tímagjald vélamanna og/eða eftirlitsmanna í biðtíma.

f) Uppgjör miðast við tímagjald í biðtíma.

Mælieining: klst.

92.81 Biðtími vélamanna í vörubíl

a) Verkþátturinn innifelur tímagjald vélamanna í vörubíl í biðtíma.

f) Uppgjör miðast við tímagjald í biðtíma.

Mælieining: klst.

93. Sand- og salt dreifing

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við hálkuvarnir með sandi og salti. Innifalinn er kostnaður við hleðslu, flutning og dreifingu efnisins svo og laun aðstoðarmanna sé þeirra þörf.

f) Uppgjör miðast við sandborna / saltborna vegalengd skv. fyrirmælum

Mælieining: km

93.1 Hálkuvarnaefni

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við efni til hálkuvarna. Innifalinn er kostnaður við alla efnismeðhöndlun í birgðastöð.

f) Uppgjör miðast við ósundurliðaða upphæð

Mælieining: HT

93.11 Sandur og salt til hálkuvarna

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við sand og salt til hálkuvarna. Innifalinn er kostnaður við alla efnismeðhöndlun í birgðastöð.

f) Uppgjör miðast við rúmmetra.

Mælieining: m³

93.12 Pækill

a) Verkþátturinn innifelur allan kostnað við gerð pækils til hálkuvarna. Innifalinn er kostnaður við alla efnismeðhöndlun í birgðastöð.

f) Uppgjör miðast við lítra.

Mælieining: l

94. Sérstök vetrarvinna

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við verkstjórn og eftirlit, uppsetningu og viðhald snjóstika, snjógrinda, snjóflóðaneta og annarra minni háttar snjóvarnarvirkja, saltkista og annað sem heyrir undir vetrarþjónustu og vetrarumferð, ísrif og hreinsun frá ræsum og niðurföllum, þ.m.t. sú vinna sem þarf til að tryggja eðlilegt frárennsli vatns af vegum.

f) Uppgjör miðast við ósundurliðaða upphæð.

Mælieining: HT